

Fimmtudaginn 29. apríl 1993.

Nr. 147/1993. **Elín Jónsdóttir,**
Anna Benediktsdóttir,
Brynjar Ármannsson,
Anna Dóra Ármannsdóttir og
Diana Ármannsdóttir
 gegn
Guðmundi Jónssyni.

Kærumál. Skipti. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. mars 1993, sem barst réttinum 14. apríl sl. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og staðfest verði, að dánarbú Jóns Jóhannesar Ármannssonar og Guðlaugar Margrétar Guðmundsdóttur eigi kröfu á hendur varnaraðila, Guðmundi Jónssyni, að fjárhæð 1.252.800 krónur, er varnaraðila verði gert að greiða dánarbúinu með dráttarvöxtum frá 1. október 1992 til greiðsludags. Jafnframt krefjast sóknaraðilar staðfestingar á því, að borðstofu- sett úr eik, stofuborð, sex stólar og skápur, sé eign dánarbúsins. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum sóknaraðila og að sóknaraðilar verði ásamt lögmanni sínum, Tómasi Gunnarssyni, dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Jafnframt verði sóknaraðilum ásamt lögmanninum ákveðin réttarfarssekt vegna brota gegn a-, d- og e-lið 1. mgr. 135. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Loks krefst varnaraðili þess, að tiltekin ummæli í greinargerðum sóknaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti verði dæmd dauð og ómerk.

Í máli þessu eru hafðar uppi kröfur á hendur einum af erfingjum dánarbús. Með slík ágreiningsefni verður eigi farið fyrir héraðsdómi samkvæmt 122. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Heimild er hins vegar í 1. mgr. 124. gr. laganna, til að skiptastjóri fái leyst úr slíkum ágreiningi fyrir héraðsdómi. Mál þetta var eigi

lagt fyrir héraðsdóm með þeim hætti, sem boðið er í 1. mgr. 124. gr. Ber því að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eigi eru efni til að sinna kröfu varnaraðila um réttarfarssektir á hendur sóknaraðilum og lögmanni þeirra.

Ummæli þau, sem varnaraðili krefst ómerkingar á, eru fullyrðingar um staðreyndir, er sóknaraðilar byggja á kröfur sínar. Réttmæti þessara fullyrðinga kemur til úrlausnar, ef úr ágreiningi aðila verður leyst efnislega.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. febrúar 1993.

Sóknaraðilar, Elín Jónsdóttir, kt. 041129-4849, Móaföt 8, Garðabæ, Anna Benediktsdóttir, kt. 190439-4379, Hraunbæ 124, Reykjavík, Brynjar Ármannsson, kt. 230565-3099, Vallarási 3, Reykjavík, Anna Dóra Ármannsdóttir, kt. 240763-4949, Hraunbæ 124, Reykjavík, og Dána Ármannsdóttir, kt. 040260-3159, Hraunbæ 48, Reykjavík, gera eftirfarandi kröfur í máli þessu:

„að staðfest verði með dómi (sic) héraðsdómsins, að dánarbú Jóns J. Ármannssonar, kt. 231199-1448, og Guðlaugar M. Guðmundsdóttur, kt. 140800-2369, eigi fjárkröfu hjá varnaraðila, að fjárhæð 1.329.368 kr., miðað við 1. október 1992, og jafnframt, að varnaraðila sé skylt að greiða þá fjárhæð til búsins með venjulegum vanskilavöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. október 1992 til greiðsludags, — einnig, að staðfest verði með dómi (sic) héraðsdómsins, að borðstofusett úr eik, þ. e. stofuborð, sex stólar og borðstofuskápur, sem var í eigu búsins, sé ennþá eign þess.

Loks er krafist, að staðfest verði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðilum málskostnað vegna rekstrar máls þessa samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða mati réttarins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti sam-

kvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags auk virðisaukaskatts“.

Varnaraðili, Guðmundur Jónsson, kt. 270432-3879, Búlandi 28, Reykjavík, gerir eftirfarandi kröfur í máli þessu:

„að dómurinn hafni öllum kröfum sóknaraðila“.

— — —
Þá krefst varnaraðili þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila [...].

Sáttatilraunir dómara hafa reynst árangurslausar.

V.

Í máli þessu er um það deilt, hvort dánarbú Jóns J. Ármannssonar og Guðlaugar Guðmundsdóttur eigi fjárkröfu á hendur varnaraðila á þeim grundvelli, að hann hafi verið fjárvörslumaður hinna látnu. Þá er enn fremur deilt um eignarrétt að borðstofusetti, sem var í eigu hinna látnu, en er nú í vörslum varnaraðila.

Sóknaraðilar reisa málsástæðu sína um, að varnaraðili hafi verið fjárvörslumaður hinna látnu, á því, að fyrir liggir, að hann hafi undirritað skjöl f. h. hinna látnu, er vörðuðu fjárhagsleg málefni þeirra, t. d. skattframtöl, innlagnar- og úttektarseðla úr bankabókum og afsal vegna sölu fasteignar. Þá vísa sóknaraðilar til þess, að varnaraðili hafi séð um greiðslu föðurarfs í nóvember 1983 og að þær greiðslur hafi hann greitt með ávisunum úr eigin tékkhefti. Enn fremur vísa sóknaraðilar til tilkynninga varnaraðila til skiptaréttar Reykjavíkur um eignaleyfi dánarbúanna. Af hálfu varnaraðila hefur því ekki verið mótmælt, að hann hafi að beiðni foreldra sinna aðstoðað þau við að sinna þörfum þeirra, m. a., hvað varðaði fjárhagslega hagsmuni.

Fyrir liggur í málinu, að hin látnu voru bæði fjár síns ráðandi og við fulla andlega heilsu allt til dauðadags. Það, að varnaraðili aðstoðaði foreldra sína við að sinna fjárhagslegum þörfum þeirra, getur því að mati réttarins ekki skipað honum í stöðu fjárhaldsmanns þeirra. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um, að dánarbú Jóns J. Ármannssonar og Guðlaugar M. Guðmundsdóttur eigi fjárkröfu á hendur varnaraðila, enda hefur sóknaraðilum ekki tekist að sýna fram á, að varnaraðili hafi ekki staðið skil á þeim fjármunum, sem hann kann að hafa tekið við fyrir hönd foreldra sinna vegna sölu á eignarhluta föður síns í fasteigninni Bakkastíg 6 C, Reykjavík.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um, að dómurinn staðfesti eignarrétt dánarbúanna að borðstofusetti úr eik, þá er hún á því byggð, að varnaraðila beri sem fjárvörslumanni hinna látnu að upplýsa glögglega og sannan-

lega, við hvaða verði hann keypti húsgögnin og hvernig hann greiddi þau. Á þeirri forsendu, að dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu, að varnaraðili hafi ekki verið fjárvörslumaður foreldra sinna, verður ekki fallist á það með sóknaraðilum, að varnaraðili hafi þessum skyldum að gegna. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu sóknaraðila, að húsgögnin hafa verið í vörslum varnaraðila a. m. k. frá árinu 1975. Sóknaraðilum og varnaraðila ber saman um, að varnaraðili hafi ætlað að kaupa húsgögnin. Verður því að telja, að kaupsamningur hafi komist á milli varnaraðila og foreldra hans. Af hálfu sóknaraðila hefur í málinu ekki verið gerð krafa á hendur varnaraðila um greiðslu kaupverðs húsgagnanna, og því er í úrskurði þessum ekki tekin afstaða til, hvort hann standi í skuld við dánarbúin vegna umræddra kaupa.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að sóknaraðilar greiði varnaraðila 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Úrskurð þennan kvað upp Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Elínar Jónsdóttur, Önnu Benediktsdóttur, Brynjars Ármannssonar, Önnu Dóru Ármannsdóttur og Díönu Ármannsdóttur, á hendur varnaraðila, Guðmundi Jónssyni, í máli þessu er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.
